Nr. 1089 24. nóvember 2015

# AUGLÝSING

**um deiliskipulag fyrir olíubirgðastöð Litla-Sandi, Hvalfjarðarsveit.**

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar samþykkti þann 26. ágúst 2015 deiliskipulag fyrir olíubirgðastöð Litla-Sandi.

Deiliskipulagssvæðið er 83 ha sem hefur verið byggt upp og rekið sem olíubirgðastöð ásamt hafnarmannvirkjum. Innan svæðisins eru sjö lóðir og tengjast fimm þeirra olíubirgðastöð og hafnarmannvirkjum. Óbreytt starfsemi verður innan svæðisins og ný mannvirki sem gert er ráð fyrir eru þrír olíugeymar innan lóðar nr. 3. Um svæðið liggur þjóðvegur 47 og 220 kV háspennulína.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð, sbr. 41. gr. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

*F.h. sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar, 24. nóvember 2015,*

**Ólafur Melsted** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 8. desember 2015